

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Skálanessetur ehf.
kt. 560606-2490

Starfsstöð: Skálanes, 710 Seyðisfjörður
Fastanúmer: 216-8214

Leyfið gildir frá 6. janúar 2026 til 6. janúar 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Fjallaskála

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Lára Guðmundsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Skálanessetur ehf., kt. 560606-2490

Starfsstöð: Skálanes, 710 Seyðisfjörður

Fastanúmer: 216-8214

Leyfið gildir frá 6. janúar 2026 til 6. janúar 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Fjallaskála**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 13. október 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Sala á gistingu

Um er að ræða starfsleyfi til að selja gistingu fyrir allt að 20 manns í fjallaskála í Skálanesi.

Rekstraraðila er ekki skylt að sjá gestum fyrir rúmfötum. Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Fylgiskjal 1. Starfsleyfisskilyrðum fyrir fjallaskála.

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Vatnsveita

Þar sem þannig hagar til að ekkert vatn er að hafa frá náttúrunnar hendi skal viðhafa sérstakar ráðstafanir til að forðast mengun. Þar sem yfirborðsvatn er leitt í krana skal merkja sérstaklega, að þar sé um að ræða yfirborðsvatn sem geti verið varhugavert til neyslu. Leiðbeiningar um notkun vatnsins til neyslu, t.d. að það þurfi að sjóða, skulu vera til staðar og vel sýnilegar gestum.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

2.2. Fráveita

Fráveita frá húsinu er leidd í 8.000 l þriggja hólfa rotþró með siturlögn sem sett var upp 2015.

Nauðsynlegt er að fylgjast reglulega með virkni fráveitukerfisins og tæma rotþró eins oft og þurfa þykir, alla jafnan annað hvert ár. Athygli er vakin á því að þeir einir mega taka að sér að tæma rotþrær sem hafa gilt starfsleyfi vegna meðhöndlunar á seyru.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

2.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

6. janúar 2026
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

6. janúar 2026

Efni: Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Skálanesetun ehf.

Umsókn um starfsleyfi vegna fjallaskála í Skálanesi við Seyðisfjörð, barst þann 13. október 2025. Umsækjandi var Skálanesetun ehf. kt. 560606-2490.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 9 gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 11. nóvember og veittur var 4 vikur frestur til að skila inn athugasemdum við tillögu að starfsleyfi. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 12. desember 2025.

Engar breytingar voru gerðar frá auglýstri tillögu að starfsleyfi.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið 6. janúar 2026 með gildistíma í 12 ár.

Virðingarfyllt,

Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi